

## Fræðslustefna UMSB

UMSB er meðvitað um mikilvægi góðrar og viðeigandi menntunar og leggur þessvegna áherslu á að til sambandsins og aðildarfélaga þess séu ráðnir hæfir einstaklingar til starfa með viðeigandi menntun hvort sem um ræðir starfsfólk á skrifstofu, í þjálfun eða önnur störf.

Mikilvægt er að fylgjast með þróun og endurnýjun aðferða sem geta leitt til nýsköpunar í starfi, hagræðingar eða bætt starfsemina á einhvern hátt, þessvegna hvetjum við starfsfólk til að leita sér stöðugt nýrrar þekkingar hvort sem er í gegnum heildstæða menntun, námskeið, vettvangsferðir eða annað álíka. Við erum meðvituð um að aukin menntun og þekking á starfi og starfsvettvangi sínum veiti starfsfólki aukið sjálfstraust sem leiðir til sjálfstæðari vinnubragða og þannig fara saman hagsmunir starfsfólks og vinnuveitanda, báðum til góðs.

UMSB leggur metnað í að veita aðildarfélögunum góða þjónustu á sviði fræðslu og þekkingar með því m.a. að bjóða uppá regluleg námskeið, fyrirlestra og fræðslu sem nýtast félagsmönnum, hvort sem er að eigin frumkvæði, eftir ábendingum félagsmanna eða sem milliliður.

### Framtíðarsýn

Okkar framtíðarsýn er að hjá UMSB og aðildarfélögunum starfi hæfir einstaklingar með menntun sem nýtist í starfi og að aðildarfélögunum standi regluleglega til boða námskeið sem nýtast starfsfólki, stjórnarfólki eða félagsmönnum öllum.

Til þess að okkar framtíðarsýn geti orðið að veruleika eru nokkur atriði sem við höfum að leiðarljósi í starfsemi UMSB og aðildarfélaganna.

- UMSB stendur reglulega fyrir fræðslu fyrir stjórnir aðildarfélaganna.
- UMSB stendur reglulega fyrir fræðslu fyrir þjálfara og starfsfólk aðildarfélaganna.
- UMSB styður sitt starfsfólk til að sækja námskeið og fræðslu sem nýtist í starfi.
- UMSB miðlar upplýsingum og auglýsir námskeið ÍSÍ, UMFÍ og annara aðila sem nýtast aðildarfélögunum.
- UMSB hvetur aðildarfélögin til samstarfs og til að leita sér þekkingar hjá hvert öðru.
- UMSB hvetur aðildarfélögin til að nýta sér öll þau tækifæri sem bjóðast þegar kemur að því að mennta og fræða þjálfara, stjórnarfólk, starfsfólk, iðkendur, foreldra eða aðra félagsmenn. Þekking á starfi og starfsemi félaganna er alltaf verðmæt á hvaða þáttökustigi sem er, svo mikilvægt er að allir sem koma að starfi félaganna átti sig á að því meira sem þeir fræðast um starf/hlutverk sitt innan félagsins og starfsemi félagans, því verðmætari eru þeir fyrir félagið í heild.

**Stefna þessi var samþykkt á 94.sambandsþingi UMSB 12.mars 2016**